



Fundur stjórnar Minjasafns Austurlands þ. 2. desember 2020, kl. 16.15. Fundurinn fer fram í Zoom. Mættar stjórnarkonur: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Sigríður Sigmundsdóttir. Auk þess sat fundinn Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

#### Dagskrá:

1. Umboð stjórnar í kjölfar sameiningar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.
2. Húsnæðismál: Byggingaráætlanir, flutningur safnkosts á meðan framkvæmdum stendur o.fl.
3. Athugasemdir samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins við stofnsamning Minjasafns Austurlands.
4. Skýrsla safnstjóra.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn 16.20 og gaf orðið til safnstjóra.

- 1. Umboð stjórnar í kjölfar sameiningar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar**  
Sveitarstjórn Múlaþings bókaði þ. 15. október sl. að núverandi stjórn haldi umboði sínu þar til endanleg afstaða hafi verið tekin til þess hvort rekstrarformi safnsins verði breytt. Núverandi stjórn starfar þ.a.l. óbreytt áfram þar til frekari ákvarðanir varðandi ofangreint hafa verið teknar.
- 2. Húsnæðismál: Byggingaráætlanir, flutningur safnkosts á meðan framkvæmdum stendur o.fl.**  
Safnstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda. Þar sem nú hafa tekist samningar við mennta- og menningarmálaráðuneytið varðandi uppbyggingu menningarhúss eru framundan framkvæmdir við Safnahúsið. Áætlun gerir ráð fyrir að ný burst verði fókheld árið 2021 og framkvæmdum lokið árið 2023. Skipuleggja þarf flutning á safnkosti Minjasafns Austurlands á meðan á framkvæmdum stendur þar sem byggt verður ofaná geymslurýmið. Til greina kemur að safnið fá geymslurými í húsnæði í Fellabæ sem er í eigu HEF. Safnstjóri hefur kannað þá aðstöðu með yfirmanni Eignasjóðs og framkvæmda- og umhverfismálastjóra Múlaþings.
- 3. Athugasemdir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins við stofnsamning Minjasafns Austurlands.**  
Aron Thorarensen lögfræðingur Múlaþings fór yfir athugasemdirnar með safnstjóra en þær snúa m.a. að valdheimildum og eignarluta sveitarfélaga, auk umboðs stjórnar varðandi skuldbindingar. Þessar athugasemdir eru lagðar fram til kynningar enda getur stjórn ekki, með tímabundið umboð, farið í breytingar á samþykktunum meðan ekki er ljóst hvernig rekstrarform safnsins verður til framtíðar.

#### 4. Skýrsla safnstjóra.

Margir viðburðir og verkefni hafa frestast eða breyst vegna samkomutakmarkana. Ekki var hægt að halda fyrirhugaðar smiðjur á vegum BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi – í því formi sem til stóð. Sum verkefni voru þó unnin með öðru sniði og tókust vel. Safnstjóri og starfsmenn Minjasafnsins hafa tekið þátt þónokkrum ráðstefnum og störfum í vinnuhópum bæði innan fjórðungs og utan. Skráning muna á Lindarbakka á Borgarfirði eystra stendur yfir og er það verkefni langt komið. Safnið stendur fyrir skráningu samtímaheimilda um Covid-19, m.a. með myndatöku á vettvangi í skólum og fleiri stöðum. Minna verður um viðburði í safninu í aðdraganda jóla en venja er til en safnið mun halda úti jóladagatali á netinu. Stjórn þakkar safnstjóra fyrir greinargóða yfirferð og lýsir ánægju með að þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður í samfélaginu hefur starfsemin í safninu verið heilmikil og mörg verkefni í gangi.

#### 5. Önnur mál.

Á skrifstofu safnstjóra er nokkur lager úr safnbúð sem rekin var á sínum tíma. Rætt hvernig best sé að fara með lagerinn. Safnstjóra falið að leita leiða til að koma þessu í verð og/eða gera ráðstafanir varðandi lagerinn.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá og þökkðu stjórnarkonur safnstjóra og starfsfólki Minjasafnsins fyrir samstarfið á árinu. Næsti fundur verður boðaður í febrúar 2021.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 17.10.  
Fundargerð ritaði Sigrún Blöndal